**Erindi dags. 15. apríl 2020 frá íbúa á Völlum á Kjalarnesi, Reyni Kristinssyni til íbúaráðs Kjalarness um umgengni um landið meðfram Leirvogsá að norðanverðu frá Esjumelum inn að Hrafnhólum.**

**Heil og sæl**
Óska eftir að tekið verði til skoðunar og umræðu umgengni um landið meðfram Leirvogsá að norðanverðu frá Esjumelum inn að Hrafnhólum.
Þarna er gamall vegslóði sem veiðimenn hafa notað á sumrum og einnig hafa hestamenn farið þarna um að sumarlagi.
Síðustu ár hefur ferðaþjónustufyrirtækið Buggibílar gert út á ferðir þarna inneftir allt árið og mótorhjóla- og fjórhjólaeigendur eru þarna einnig tíðir gestir, nú er þetta að verða eitt svað.

Það er átakanlegt að sjá hvernig farið er með þetta fallega svæði og framtíðar útivistarsvæði fyrir borgarbúa.

Eigendur að þessu landi er Reykjavíkurborg sem á Varmadal og Norðurgröf og síðan Þverárkot og Hrafnhólar.

Úrræði væru í fyrstu að takmarka umferð þarna eins og kostur er og síðan að fara í lagfæringar. Skógrækt á þessu svæði myndi einnig bæta fyrir ofbeit sauðfjár þarna síðasta árhundraðið.

Bestu kveðjur,
Reynir Kristinsson
Völlum